

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 31. mars í máli nr. S-153/2017:

Ákærvaldið

(Sigríður Svava Sigurgeirsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Jóni Val Einarssyni

(Elva Ósk Wium hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 23. mars síðastliðinn, var höfðað með ákæru Héraðssaksóknara, útgefinni 3. mars síðastliðinn, á hendur Jóni Val Einarssyni, kt. 000000-0000, Arahólum 2, 111 Reykjavík, „fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, framin í sjálfstæðri atvinnustarfsemi, með því að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskattskýrslum á lögmaeltum tíma vegna uppgjörstímabilanna nóvember - desember rekstrarárið 2011 til og með maí - júní rekstrarárið 2016 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti atvinnustarfseminnar vegna uppgjörstímabilanna nóvember - desember rekstrarárið 2011 til og með september - október rekstrarárið 2016, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 6.257.402 sem sundurliðast sem hér greinir:

Árið 2011

nóvember - desember **kr. 900.677**

Árið 2012

janúar - febrúar	kr. 181.414
mars - apríl	kr. 171.193
maí - júní	kr. 151.330
júlí - ágúst	kr. 211.103
september - október	kr. 183.300
nóvember - desember	kr. 171.750

	kr. 1.070.090
Árið 2013	
janúar - febrúar	kr. 185.527
mars - apríl	kr. 214.920
maí - júní	kr. 140.716
júlí - ágúst	kr. 156.137
september - október	kr. 160.776
nóvember - desember	kr. 218.634
	kr. 1.076.710
Árið 2014	
janúar - febrúar	kr. 196.364
mars - apríl	kr. 206.186
maí - júní	kr. 114.955
júlí - ágúst	kr. 202.418
september - október	kr. 231.545
nóvember - desember	kr. 186.809
	kr. 1.138.277
Árið 2015	
janúar - febrúar	kr. 180.544
mars - apríl	kr. 135.744
maí - júní	kr. 255.736
júlí - ágúst	kr. 149.086
september - október	kr. 208.399
nóvember - desember	kr. 321.062
	kr. 1.250.571
Árið 2016	
janúar - febrúar	kr. 192.486
mars - apríl	kr. 94.493
maí - júní	kr. 242.347
júlí - ágúst	kr. 194.296
september - október	kr. 97.455
	kr. 821.077
Samtals:	kr. 6.257.402

Framangreint brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr.

134/2005.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað að hafa framið brot það sem honum er gefið að sök í ákærinni og er játning hans studd sakargögnum. Það eru því efni til að leggja dóm á málið samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir brotið sem er réttilega fært til refsíákvæða í ákærinni.

Verður refsing hans því ákveðin fangelsi í 3 mánuði sem bundin skal skilorði, eins og í dómsorði segir. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða 12.000.000 krónur í sekt að viðlagðri vararefsingu, eins og í dómsorði segir. Loks skal ákærði greiða málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði segir.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Valur Einarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 2 árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 12.000.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 210 daga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Elvu Óskar Wium hdl., 252.960 krónur.

Arngrímur Ísberg